

### MW 4798 Hleðslutæki - Notkunarleiðbeiningar

Hið frábæra MW 4798 tæki gagnast bæði sem hleðslutæki og spennubreytir. Það er hægt að nota bæði heima og í bílnum þar sem snúrutengi í sigarettukveikjara í bíl og straumbreytir fylgir með. Tækið hefur innbyggða tækni sem stýrir og stöðvar hleðslu og afhleðslu.

#### EIGINLEIKAR

1. Notist fyrir AA eða AAA. NI-CD og NI-MH rafhlöður
2. Hleður 2 eða 4 rafhlöður samtímis.
3. Hröð endurhleðsla á NI-MH rafhlöðum.
4. Bæði hægt að nota sem hleðslutæki og sem straumbreytir.

#### TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

1. AC/DC straumbreytir.
  - Inntak: 230V /50HZ 12W.
  - Úttak: 12V/500mA 6VA
2. Hleðslutækið:
  - Inntak: Jafnstraumur DC 12 volt-24volt
  - Úttak: 2,8V/800mAh 2,24VA

#### HVERNIG NOTA Á HLEÐSLUTÆKIÐ

1. Stillið tækið á hleðslu (charge.)
2. Setjið 2, eða 4 rafhlöður í tækið. Stingið straumbreytinum í hleðslutækið og síðan í samband. Rauða ljósið lýsir til að sýna að tækið er í sambandi. Rafhlöðurnar munu hlaðast í tvennu lagi, ljósið blikkar hjá þeim sem eru í biðstöðu.
3. Græna ljósið lýsir til að sýna að rafhlöðurnar eru í hleðslu, þegar þær eru fullhlaðnar mun græna ljósið blikka.
4. Tafla sem sýnir hleðslutíma:

| STÆRD: | mAh  | Tími:   |
|--------|------|---------|
| AA     | 500  | 48 mín  |
| AA     | 1100 | 102 mín |
| AAA    | 180  | 12 mín  |
| AAA    | 240  | 24 mín  |

5. Til að afhlaða rafhlöðurnar ýtið á gula hnappinn og þá mun hann lýsa. Eftir afhleðslu mun tækið sjálfkrafa færast yfir á hleðslu. Ef óskað er eftir að hætta afhleðslu þá ýtið aftur á gula hnappinn.
6. Hægt er að "hressa upp" á gamlar hleðslurafhlöður í þessu tæki. Þá á sér stað af og áhleðsla 3 sinnum í röð. Þetta er hægt að gera með því að ýta á gula hnappinn í 5 sekúndur, þá mun gula ljósið lýsa og græna blikka. Ef þið viljið halda áfram með eðlilega hleðslu þarf bara að ýta aftur á gula hnappinn. (Nýjar og gamlar hleðslurafhlöður er hægt að "hressa við" til að fá hæstu mögulegu mAh.)

**HVERNIG NOTA Á TÆKIÐ SEM STRAUMBREYTIÐ:**

1. Stillið á “adapter” á tækinu.
2. Veljið rétt tengi og setjið í tækið - athugið að pólarnir snúi rétt. (Það stendur á þeim hvort er + og -)
3. Veljið rétta voltatölu með því að snúa gula pinnanum á botni tækisins.

**VIÐVÖRUN**

1. Lesið leiðbeiningarnar vandlega áður en þið notið hleðslutækið.
2. Notist aðeins innandyra. Notist ekki í röku lofti eða nálægt eldi.
3. Gætið þess að rafhlöður séu í réttum hólfum og snúi rétt
4. Tækið skal **eingöngu** notað fyrir **hleðslurafhlöður**, NI-CD eða NI-MH rafhlöður.
5. Passið vel uppá að breyta í “**adapter**” og velja rétt tengi ef tækið er notað sem straumbreytir.

**ATHUGIÐ**

**Gætið þess að rafhlöðurnar sitji rétt í hleðslutækinu, ef þær snúa ekki rétt er hættu á að bæði tækið og rafhlöðurnar skemmist.**

**Skodið rafhlöðurnar vel áður en þið hlaðið þær ef skemmdir kynnu að vera í þeim. Athugið einnig vel að enginn leki sé í rafhlöðunum.**